

ÍV Skuldabréfasafn hs.
Útboðslýsing



ÍV SJÓÐIR

Tilkynning til fjárfesta og yfirlýsing rekstraraðila

Fjárfesting í eignarhlutum sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar ítarlega og fylgiskjöl hennar. Verða fjárfestar fyrst og fremst að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta með hliðsjón af væntingum um ávöxtun, ytri aðstæðum, eigin aðstöðu og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Kaup á eignarhlutum í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum.

Á engan hátt ber að skoða útboðslýsingu þessa sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta, ÍV sjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að leita til óháðra sérfræðinga um ráðgjöf við mat á eignarhlutum í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta sem fjárfestingarkosti. Þá er fjárfestum bent á að kynna sér ítarlega lagalega stöðu sína, svo sem skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með eignarhluti í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta.

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í sjóðnum ÍV Skuldbréfasafn hs., sem rekinn er af ÍV sjóðum hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Undirritaður framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar og hefur engu mikilvægu atriði verið sleppt er gæti haft áhrif á mat á eignarhlutdeild í sjóðnum.

Akureyri, 9. október 2023

Jón Helgi Pétursson
Framkvæmdastjóri

Yfirlit útboðslýsingar – helstu atriði

Tegund sjóðs:	Sjóðurinn ÍV Skuldabréfasafn hs., kt. 591113-9920, er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
Rekstraraðili:	Rekstraraðili sjóðsins samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
Vörsluaðili:	Vörsluaðili sjóðsins skv. IV. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
Starfsemi:	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli eigna- og áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Fjárfestingarstefna:	Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega kafla í útboðslýsingu um fjárfestingarmarkmið, fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættur tengdar því að eiga eignarhlutdeild í sjóðnum. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum sem skráð eru í Nasdaq OMX á Íslandi og óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum.
Aðal söluaðili:	Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
Kaup- og sölugengi:	Gengi eignarhlutdeilda sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðurinn á hverju sinni. Eignarhlutdeild í sjóðnum skal innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.
Arðgreiðslur:	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfæign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Póknun rekstraraðila:	1,0% árlega af daglegu innra virði sjóðsins.
Fjárhæð:	Lágmarksfjárhæð viðskipta er kr. 5.000.
Réttindi:	Allir, sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína.
	Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á heimasíðu ÍV sjóða hf. www.ivsjodir.is .

1. Upplýsingar um ÍV Skuldabréfasafn hs.

1.1. Stofnun, heiti og deildarskipulag

ÍV Skuldabréfasafn hs., kt. 591113-9920, (hér á eftir í útboðslýsingu þessari kallaður „sjóðurinn“), er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir nefnd „lög nr. 45/2020“) og lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „Fjármálaeftirlitið“) samkvæmt sömu lögum. Sjóðurinn var stofnaður árið 2013 og er ekki deildaskiptur.

1.2. Markaðssetning, sala og þjónusta við fjárfesta og eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum

Rekstraraðili sjóðsins, sbr. kafla 5.1 í útboðslýsingu þessari, hefur með samþykki Fjármálaeftirlitsins útvistað verkefnum til móðurfélags síns, Íslenskra verðbréfa hf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstraraðila gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

Íslensk verðbréf hf. eru aðal söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum. Íslensk verðbréf hf. annast milligöngu vegna áskriftar að eignarhlutum sem og innlausnar þeirra.

Sjóðurinn nýtir sér ekki þjónustu miðlara í skilningi 20. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020.

1.3. Upplýsingagjöf til fjárfesta og eigenda eignarhlutdeilda í sjóðnum

Rekstraraðili og Íslensk verðbréf hf. veita allar nauðsynlegar upplýsingar til þeirra sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.3.1. Birting ársreikninga og hálfssársuppgjör

Endurskoðaður ársreikningur ÍV sjóða hf. er aðgengilegur eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Árshlutareikningur vegna hálfssársuppgjörs er aðgengilegur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Endurskoðaður ársreikningur og kannaður árshlutareikningur eru aðgengilegir á heimasíðu ÍV sjóða hf. hverju sinni. Í B-hluta árs- og árshlutareikninga rekstraraðila eru sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

1.3.2. Hvar má nálgast reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins

Upplýsingar um rekstur sjóðsins og skjöl sem nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér áður en af fjárfestingu verður s.s. útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingablað er að finna á sértækri upplýsingasíðu sjóðsins sem finna má á heimasíðu rekstraraðilans ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is. Íslensk verðbréf, sem vörluaðili sjóðsins sbr. gr. 5.2 veita hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingar um virði eignarhlutdeilda og ávoxtun af eignarhlutdeild þeirra í gegnum Verðbréfavef ÍV á www.iv.is.

Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020. Eigendum eignarhlutdeilda er tilkynnt um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laganna.

1.4. Skattaleg meðferð eignarhlutdeilda í sjóðnum; skil á fjármagnstekjuskatti

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeilda sjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Um skattlagningu tekna af eignarhlutdeildum sjóðsins fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Vörluaðili sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskattí samkvæmt lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er innleyst með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild.

Skattaleg meðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Skattaleg meðferð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila. Sumir lögaðilar eru undanþeginir staðgreiðslu af fjármagnstekjum. Þá sæta tilteknir lögaðilar hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af eignarhlutdeildum. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á svíði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.5. Stofnframlag og eiginfjárgrunnur

Stjórnendur rekstraraðila fylgjast með og tryggja að ákvæði um stofnframlag og eiginfjárgrunn í 15. gr. laga nr. 45/2020 séu uppfyllt, eftir því sem við á. Rekstraraðili ábyrgist að til staðar sé [eiginfjárgrunnsálag/starfsábyrgðartrygging] sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar rekstraraðila. [Eiginfjárgrunnsálagi er fjárfest í auðseljanlegum eignum eða eignum sem má hæglega skipta í reiðufé á skömmum tíma.] Þá tryggir rekstraraðili að ákvæði um áhættugrunn skv. 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt.

1.6. Slit sjóðsins eða samruni

Reglur sjóðsins tilgreina aðferðir og skilyrði fyrir því að sjóðnum sé slitið eða hann sameinist öðrum sjóði. Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 50.000.000 skal stjórn rekstraraðila sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir eigendur eignarhlutdeilda eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

1.7. Varnarþing og viðeigandi löggjöf

Um sjóðinn gilda íslensk lög og varnarþing hans er á Akureyri. Um viðurkenningu og fullnustu dóma milli ríkja gilda lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

1.8. Endurskoðun sjóðsins

Endurskoðandi sjóðsins er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

2. Eignarhlutdeild í sjóðnum

2.1. Skilríki fyrir eignarhlut í sjóðnum; útgáfa hlutdeildarskírteina og réttindi tengd eignarhlutdeild í sjóðnum

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til en óski sá sem á eignarhlutdeild í sjóðnum eftir því að fá hlutdeildarskírteini gefið út, er það gert í samræmi við gildandi lög og reglur sjóðsins. Til einföldunar verður hugtakið „hlutdeildarskírteinishafi“ notað í útboðslýsingu þessari yfir alla þá sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum, hvort sem þeir hafa fengið útgefin hlutdeildarskírteini eða ekki.

Við áskrift eignarhlutdeilda í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi í fyrsta lagi þekkt í lok dags á kaupdegi og yfirleitt næsta virka dag eftir kaupdag.

Áskrifandi fær staðfestingu fyrir áskrift sinni sem staðfestir eignarhlutdeild í sjóðnum og tilgreinir kaupverð í krónum, fjölda eignarhluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa.

Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og er staðfesting samkvæmt framangreindu eða hlutdeildarskírteini staðfesting á hlutdeild til eigna sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins heldur utan um eignahlutdeild hvers hlutdeildarskírteinishafa.

2.2. Eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum

Tilkynna skal eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum til vörsluaðila. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á eignarhlutdeild í sjóðnum, eru færðar á skrá og heimildar getið.

Aðili, sem eignast eignarhlutdeild í sjóðnum við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna vörsluaðila um eigendaskiptin.

2.3. Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

EKKI er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeilda í honum.

2.4. Tilhögun viðskipta með eignarhlutdeild í sjóðnum

Eignarhlutdeild í sjóðnum er eingöngu sold gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Lágmarksfjárfesting er kr. 5.000 að markaðsverði.

Beiðni um kaup og innlausn eignarhluta, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir það (T+2) á staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2).

2.5. Virði eignarhlutdeilda

Virði (gengi) eignarhlutdeilda í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádegnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlásstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði innheimtukostnaði, þóknunum og áföllnum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölða útgefínna og óinnleystra eignarhluta.

Virði eignarhlutdeilda í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is.

Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2.6. Innlausn

Sjóðurinn er skuldbundinn til að innleysa eignarhlutdeild í sjóðnum á staðfestu kaupgengi innlausnardags. Við innlausn á eignarhlut í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleystra hluta í sjóðnum. Innlausnarvirði og gengi er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er hlutdeildarskírteinishafa.

Heimilt er að fresta innlausn eignahlutdeilda í sjóðnum mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun fyrir viðskipti á skipulegum markaði þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður svo að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði eignarhlutdeildar eða að umfang innlausna sé slíkt að sjóðurinn nær ekki að mæta þeim nema með sölu eigna sem getur tekið tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra eignarhluta í sjóðnum.

Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestu auglýst á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is. Er frestu lýkur skal opnu sjóðsins auglýst með sama hætti.

2.7. Lausafjárstýring

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar rekstraraðila. Tryggja ber að nægt laust fé og auðseljanlegar eignir séu fyrir hendi á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem eru ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins skv. 90. gr. laga nr. 45/2020 og grein **Error! Reference source not found.** hér að neðan.

2.8. Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspeglraunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila. Verðmat er háð eftirliti vörluaðila og endurskoðanda. ÍV sjóðir hf. heldur skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum sjóðsins.

3. Fjárfestingarmarkmið

3.1. Fjárhagslegur tilgangur

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn eigna þar sem áhersla er á eignaflokka- og áhættudreifingu.

3.2. Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum sem skráð eru í Nasdaq OMX á Íslandi og óskráðum skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum.

Dreifing eigna fæst með beinni fjárfestingu í einstökum skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum sem skráð eru í Nasdaq OMX á Íslandi ásamt óskráðum skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu. Sjóðurinn leitast við í fjárfestingum sínum að hafa meðallíftíma heildareigna sjóðsins 4-8 ár.

Prátt fyrir rýmri heimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta en verðbréfasjóða til fjárfestinga mun sjóðurinn eingöngu nýta heimild laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem felur í sér heimild til að binda allt að 20% af eignum sínum í skuldbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þá hefur sjóðurinn heimild til að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum skuldbréfum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda. Sjóðurinn hefur heimild til að binda allt að 10% eigna sinna hverju sinni í óskráðum verðbréfum. Að öðru leyti fer um fjárfestingar sjóðsins ófrávíkjanlega eftir ákvæðum laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er heimilað að eiga til skamms tíma allt að 100% í innlánnum eða auðseljanlegum eignum séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignahluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

3.3. Takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum er settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 45/2020:

Verðbréf útgefin af eða með ábyrgð Ríkissjóðs Íslands	0-40%
Sértryggð skuldbréf skv. lögum nr. 11/2008	0-70%
Skuldbréf útgefin af sveitarfélögum eða Lánasjóði sveitarfélaga.	0-50%
Skuldbréf útgefin af fyrirtækjum	0-50%

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 89.-96. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn nýrir sér ekki heimildir 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020 til fjárfestingar í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður.

Sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda allt að 20% af eignum sínum í skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda. Þá hefur sjóðurinn heimild til að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum skuldbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda. Hin aukna áhætta sem felst í fjárfestingu í sjóðnum felst í minni áhættudreifingu en er að finna í verðbréfasjóði.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerminga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum, og mun nýta slíka heimild eftir atvikum. Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

3.4. Sögulegt gengi sjóðsins

Nafnávöxtun sjóðsins er reiknuð út frá breytingu á kaupgengi sjóðsins. Nafnávöxtun er heildarhækkun á verðmæti hvers hlutar í sjóðnum yfir eitt ár, mælt í prósentum. Nánari upplýsingar um sögulegt gengi sjóðsins er að finna sértækri upplýsingasíðu sjóðsins á heimasíðu rekstraraðila, www.ivsjodir.is. Taflan hér að neðan sýnir sögulega nafnávöxtun ÍV Skuldabréfasafns hs. frá stofnun.

Ár	Nafnávöxtun
2015	5,1%
2016	6,3%
2017	6,3%
2018	4,3%
2019	6,4%
2020	7,0%
2021	5,7%
2022	-1,5%
2023	1,2%

4. Áhætta fjárfesta tengd eignarhlut í sjóðnum

4.1. Hverjir ættu að fjárfesta í sjóðnum?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem eru að fjárfesta til langa tíma með fjárfestingu í skuldabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði á Íslandi og kjósa að gera slikt með því að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fjár til sameiginlegrar fjárfestingar á fjármálagerningum og öðrum eignum og dreifa áhætta af slíkri fjárfestingu með áhættudreifingu samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Sjóðurinn er ætlaður þeim sem vilja fjárfesta í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta sem rekinn er af og í umsjón starfsleyfisskylds aðila, sem háður er opinberu eftirliti og ber skyldur um reglulega skyrslugjöf um starfsemi hans.

Mat fjárfesta á áhætta sem fólgin er í að kaupa eignarhlutdeild í tilteknum sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta byggir oftast á því að skoða samsetningu eigna sjóðsins og skoða sögulega þróun og sveiflur á verðmæti þeirra eigna sem sjóðirnir fjárfesta í og nota þá þætti til að meta mögulega framtíðarávöxtun. Slíkt mat þarf þó ekki að gefa rétta vísbindingu um ávöxtun sjóðsins í framtíðinni.

Fjárfestar eiga að hafa í huga að fjárfesting í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta er að jafnaði hugsuð til langa tíma. Verðmæti eignarhlutdeilda í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta getur eftir kaup verið lægri en þegar hún var keypt. Þá þarf ávöxtun sem hefur verið á eignarhlutdeild í fortíðinni ekki að gefa vísbindingu um hver ávöxtun eignarhlutdeilda verður í framtíðinni. Það er raunveruleg hætta á að fjárfestir tapi fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti og að hann fái minna til baka fyrir eignarhlutdeild sína en hann keypti hana á.

4.2. Áhætta tengd eignarhlut í sjóðinum

Fjárfesting í einstaka verðbréfi eða peningamarkaðsskjali getur falið í sér áhætta sem felst í því að verðmæti verðbréfs eða peningamarkaðsskjals getur staðið í stað, ávöxtun orðið minni en vonast var til eða að verðmæti fjárfestingarinnar verður minna en það var í upphafi, allt eftir eðli og tegund fjárfestingarinnar og aðstæðum á markaði sem ræður verðmæti fjárfestingarinnar. Þannig getur eignarhlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir gengi og markaðsvirði þeirra verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

Vakin er sérstök athygli á því að rýmri heimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta til fjárfestinga í samanburði við heimildir verðbréfasjóða hefur í för með sér að sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta eru áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóðir. Fjárfesting í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er að jafnaði áhættuminni fjárfesting en kaup á einstaka verðbréfi þar sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu reyna að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingum sínum í verðbréfum með því að fjárfesta í bréfum margra ólíksra útgefenda og mörgum mismunandi eignaflokkum á mismunandi eignamörkuðum og leitast þannig við að dreifa áhætta.

4.3. Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutdeilda í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Hætta á verðlækkun verðbréfa á markaði vegna tiltekinna aðstæðna sem þar með hafa bein áhrif á gengi eignarhlutdeilda í sjóðnum. Verðlækkun verðbréfa stafar af breytingum á framboði eða eftirspurn eftir eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna ákvárdast af því hvar framboð og eftirspurn mælast. Aðstæður á markaði hverju sinni hafa þannig áhrif á framboð og eftirspurn og breytingar í slíku samhengi geta haft áhrif til hækunar eða lækkunar á virði eigna.

- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáráhætta** - Hætta á að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja. Áhættan felst í því að markaðsaðilar vilja ekki eða geta ekki keypt tiltekið magn verðbréfa eða vilja ekki kaupa á því verði sem til stendur að selja á. Kaupendur geta verið fáir eða kaupáhugi hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Fjárfesting í skuldabréfum geta falið í sér vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum og vaxtastigi hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- d) **Mótaðilaáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga.
- e) **Ytri aðstæður** - Svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Ný eða breytt löggjöf, reglur og reglugerðir á vegum stjórnavalda og eftirlitsaðila og breytingar á viðskiptaháttum geta haft veruleg áhrif á undirliggjandi eignir og eignaflokka og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- f) **Uppgiðsáhætta** – Hætta á að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og vænst var svo sem ef mótaðili greiðir ekki umsamda fjárhæð eða afhendir ekki eign á réttum tíma.
- g) **Rekstraráhætta** – Hætta á að verðbréf, skráning verðbréfaeignar í félagi eða peningalegar eignir í vörlu geti misfarist eða tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af háfu vörluaðila.
- h) **Áhætta tengd smærð markaðar eða eignatengsla útgefenda verðbréfa og peningamarkaðsskjala** – Íslenski verðbréfamarkaðurinn er smár í sniðum og samþjappaður. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa og peningamarkaðsskjala eru oft fáir. Af þeim sökum getur verðmyndun á markaði verið óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir. Hætta á að eignatengsl félaga á mörkuðum getur haft áhrif á verðmyndun verðbréfa á markaði.
- i) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir m.a. í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfanna lágmarkar áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu. Telja má á að hættan á verðhjöðnun sé óveruleg.
- j) **Frammistöðuáhætta** – Hætta á að rekstraraðila takist ekki að stýra eignum og fjárfestingum í samræmi við væntingar um ávöxtun, eignasamsetningu, dreifingu og áhætta.
- k) **Áhætta tengd lánshæfismati íslenska ríkisins** – Þar sem sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum íslenska ríkisins, er rétt að benda á að áhætta getur verið fólgin í lánshæfismati íslenska ríkisins á þann hátt að lækkun á lánshæfismati getur leitt til hækunar á ávöxtunarkröfu þeirra verðbréfa sem ríkissjóður ábyrgist. Hækki ávöxtunarkrafa getur það leitt til verðrýrnunar á eignum sjóðsins.

5. Rekstur ÍV Skuldabréfasafns hs.

5.1. Rekstraraðili ÍV skuldabréfasafns hs.

Rekstraraðili sjóðsins er ÍV sjóðir hf. (kt. 491001-2080). Félagið var stofnað árið 2001 og rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstraraðili er með starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Hluthafar rekstraraðila eru tveir, Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Björg Capital ehf., kt. 500812-1090 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að, og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

Rekstraraðili rekur fleiri verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta auk annarra sérhæfðra sjóða. Við útgáfu þessarar útboðslýsingar annast rekstraraðili rekstur ÍV Skammtímasjóðs, ÍV Eignasafns I, ÍV Eignasafns II, ÍV Eignasafns III, ÍV Eignasafns IV, ÍV Áskriftarsjóðs ríkisverðbréfa, ÍV Erlent skuldabréfasafn, ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs, ÍV Skuldabréfasafns, ÍV Sparisafns, ÍV Alþjóðlegs hlutabréfasjóðs, ÍV Erlent hlutabréfasafn, ÍV Hlutabréfavísítolusjóð og ÍV Stokk. Nýjustu upplýsingar um sjóði í rekstri rekstraraðila er ávallt að finna á heimasíðu rekstrarfélags, www.ivsjodir.is.

Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru Hjörvar Maronsson (stjórnarformaður), fjárfestingarstjóri hjá Kaldbaki ehf., Jón Bjarni Kristinsson, fulltrúi á mannauðssviði hjá Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi og Katrín Káradóttir, verslunareigandi á Akureyri. Varamenn eru Kolbeinn Friðriksson, fjármálastjóri Hölds hf. og meðlimur í endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Höfðhverfinga og Jón Steindór Árnason, fjárfestingastjóri hjá KEA svf. Framkvæmdastjóri rekstraraðila er Jón Helgi Pétursson.

Ytri endurskoðandi rekstraraðila er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Hlutafé ÍV sjóða hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir) – og hefur allt hlutafé þegar verið greitt.

5.2. Vörsluaðili sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519. Félagið var stofnað árið 1987 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26. maí 1995. Aðsetur og skráð starfsstöð vörsluaðila er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vörsluaðili er móðurfélag rekstraraðila sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins annast umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóðsins. Um samband sjóðs og vörsluaðila fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og er nánar útfært með ítarlegum hætti í skriflegum vörslusamningi á milli aðila. Fjármunum sjóðsins er haldið aðgreindum frá fjármunum vörsluaðila. Vörsluaðili skal m.a. vakta sjóðstreymi sjóðsins, tryggja að allir fjármunir sem fjárfestar inna af hendi séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding eignarhluta fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðsins, tryggja að í viðskiptum með eignir sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörlu hans glatast. Vörluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda eignarhlutdeildar eða rekstraraðila nema vörluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vakaðir og fjárfestar upplýstir um þá..

Þar sem vörluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hætta á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörluaðili hafa framkvæmt ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hætta á hagsmunaárekstrum hefur verið brugðist við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér aðgreiningu starfa, skilgreiningu og skjalfestingu verkferla, rafrænar eftirlitsaðgerðir og útvistun einstakra verkþátta til óháðra aðila. Með fyrrgreindum aðgerðum telja rekstraraðili og vörluaðili að komist hafi í veg fyrir greinda mögulega hagsmunaárekstra. Innri endurskoðun, sem útvistað er til löggilda endurskoðenda, hafa eftirlit með fyrrgreindum fyrirbyggjandi aðgerðum. Um vörluaðila verður eingöngu skipt með uppsögn samningsins að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Uppfærðar upplýsingar um vörluaðila eru ávallt aðgengilegar fjárfestum þegar þeirra er óskað.

5.3. Útvistuð verkefni

Í reglum sjóðsins er tiltekin heimild til útvistunar verkefna að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 45/2020. Fyrirkomulag útvistunar skal koma fram í útboðslýsingu hverju sinni. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstraraðila gagnvart eigendum eignarhluta, sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

Til staðar eru samningar við Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstraraðila, um útvistun verkefna. Samkvæmt samningunum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstraraðila og þar með sjóðsins:

1. Viðhaldi skrár yfir eigendur eignarhlutdeildar
2. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
3. Uppgjör viðskipta sjóðsins
4. Kynningu á vörum ÍV sjóða
5. Tækniþjónustu
6. Gengisútreikning sjóða
7. Regluvörlu
8. Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga sjóðsins*

* Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga er keðjuútvistað til T plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri. T plús hf. er fjármálaufyrirtæki sem sinnir vörlu- og uppgjörsþjónustu fjármálagerninga. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrirtæki, skv. 5. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Keðjuvistun er leyfileg að fenginni heimild rekstraraðila.

Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálaufyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálaufyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna,

fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. ÍV sjóðum hf. og Íslenskum verðbréfum hf. er skylt að grípa til allra sanngjarnra eða viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina ÍV sjóða hf. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Uppfærðar upplýsingar um efni kafla **Error! Reference source not found.** og **Error! Reference source not found.** verða gerðar aðgengilegar fjárfestum samkvæmt beiðni þeirra þar um.

5.4. Starfskjarastefna ÍV sjóða hf. – samantekt

ÍV sjóðir hf. hafa sett sér starfskjarastefnu með gagnsæi að leiðarlíði m.a. til að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið. ÍV sjóðir hf. leggja áherslu á að greiða samkeppnishæf laun og laða til sín hæft starfsfólk. Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Stjórn leggur fram tillögu fyrir aðalfund um laun stjórnar til eins árs í senn að teknu tilliti til þess tíma sem stjórnarmenn verja í störf sín, ábyrgðar þeirra og umfangs starfsemi félagsins. Við ákvörðun um starfskjör og laun framkvæmdastjóra skal horft til ábyrgðar, menntunar og reynslu. Almennt séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um greiðslur vegna starfsloka. Sérstakar aðstæður geta orðið þess valdandi að gerðir séu starfslokasamningar. Slíkir samningar eru háðir samþykki stjórnar og skulu vera í samræmi við 17. gr. b. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 21. gr. b. laga nr. 45/2020.

Ekkert kaupaukakerfi er í gildi hjá féluginu og féluginu því óheimilt að ákvarða og greiða starfsmönnum sínum kaupauka.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu ÍV sjóða hf. eru aðgengilegar á vef félagsins: [www.ivsjodir.is/is/um-rviv/reglur-og-samhykkir](http://www.ivsjodir.is/is/um-rviv/reglur-og-samthykkir). Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

5.5. Rekstrarkostnaður sjóðsins og annar kostnaður

Árleg umsýsluþóknun: Sjóðurinn skal greiða rekstraraðila hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Þóknun skal greiðast mánaðarlega og miðast við árlega hlutfallstölu af daglegu innra virði sjóðsins (NAV). Þóknun skal reiknast daglega inn í gengi sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal að hámarki nema 1,5% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á meðan hann er starfræktur, en við útgáfu þessarar útboðslýsingar nemur þóknunin 1,0%.

Þóknun við kaup: Þóknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstraraðila og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Söluþóknun skal endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma. Hlutfallstala söluþóknun skal að hámarki nema 2,0% af verðmæti sölu og við útgáfu þessarar útboðslýsingar er hún 0,5%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Afgreiðslugjald: Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð allt að kr. 500.- fyrir hver kaup eða innlausn. Enn fremur getur rekstraraðilinn krafist endurgreiðslu útgjalta sem til falla vegna þriðja aðila og rekstraraðilanum er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

Kostnaður greiddur af sjóðnum: Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörlugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Öll gjöld og þóknar dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Reglur

ÍV Skuldabréfasafn hs.

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er ÍV Skuldabréfasafn hs., kt. 591113-9920. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Rekstraraðili sjóðsins er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Ekki verður skipt um rekstraraðila án staðfestingar fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“). Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

Félagið var stofnað árið 2001 og rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstraraðili sjóðsins er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávoxtunartækifæri í gegnum safn eigna þar sem áhersla er á eignaflokka- og áhættudreifingu.

Dreifing eigna fæst með beinni fjárfestingu í einstökum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum sem skráð eru í Nasdaq OMX á Íslandi ásamt óskráðum skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu. Sjóðurinn leitast við í fjárfestingum sínum að hafa meðalliftíma heildareigna sjóðsins 4-8 ár.

Prátt fyrir rýmri heimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta en verðbréfasjóða til fjárfestinga mun sjóðurinn eingöngu nýta heimild laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem felur í sér heimild til að binda allt að 20% af eignum sínum í skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda. Þá hefur sjóðurinn heimild til að binda allt að 35% af eignum sjóðs í skráðum skuldabréfum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% aðeins í einum útgefanda. Sjóðurinn hefur heimild til að binda allt að 10% eigna sinna hverju sinni í óskráðum verðbréfum. Að öðru leyti fer um fjárfestingar sjóðsins ófrávíkjanleg eftir ákvæðum laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er heimilt að eiga til skamms tíma allt að 10% í innlánnum eða auðseljanlegum eignum séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem fengist hefur með sölu eignahluta í sjóðnum eða vegna sölu á eignum sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 89.-96. gr. laga nr. 45/2020. Sjóðurinn nýtir sér ekki heimildir 4. og 5. tölul. 1. mgr. 89. gr. og 92. gr. laga nr. 45/2020 til fjárfestingar í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárvíkingar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa

fyrir augum, og mun nýta slíka heimild eftir atvikum. Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtimalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum er settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 45/2020:

Verðbréf útgefin af eða með ábyrgð Ríkissjóðs Íslands	0-40%
Sértryggð skuldbréf skv. lögum nr. 11/2008	0-70%
Skuldbréf útgefin af sveitarfélögum eða Lánsjóði sveitarfélaga.	0-50%
Skuldbréf útgefin af fyrirtækjum	0-50%

3. gr.

Verkefni rekstraraðila.

ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, fara með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fer um verkefni rekstraraðila samkvæmt sömu lögum, þar sem fram koma meginhlutverk í rekstri sjóða; eignastýring sjóðs og áhættustýring sjóðs. Varsla fjármálagerninga skal falin vörluaðila með starfleyfi sem slíkur.

Öðrum verkefnum í daglegum rekstri sjóðsins er heimilt að útvista að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 45/2020. Skal fyrirkomulag útvistunar tilgreint í útboðslýsingu hverju sinni. Stjórn ÍV sjóða hf. getur heimilað keðjuútvistun. Útvistun verkefna eða keðjuútvistun hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstraraðila gagnvart hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 31. gr. laga nr. 45/2020.

4. gr.

Vörluaðili sjóðsins.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsins skal falinn vörluaðila með starfsleyfi sem slíkur. Vörluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstraraðila, kt. 610587-1519. Til staðar skal vera skriflegur samningur á milli aðila. Breyting á vörluaðila öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á vörluaðila sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

Að gættum skilyrðum laga nr. 45/2020 og staðfestri heimild stjórnar rekstraraðila er vörluaðilanum heimilt að fela öðrum aðila varðveislu verðbréfa sjóðsins að hluta eða öllu leyti.

Par sem vörluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hætta á hagsmunárekstrum. Rekstraraðili og vörluaðili skulu framkvæma ítarlegt mat á mögulegum hagsmunárekstrum er varða hagmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hætta á hagsmunárekstrum skal bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Sé ekki unnt að fyrirbyggja eða stýra hættu á hagsmunárekstrum skal upplýsa um slíka hættu í útboðslýsingu.

5. gr.

Póknanir og kostnaður

Árleg umsýsluþóknun: Sjóðurinn skal greiða rekstraraðila hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins og á heimasíðu rekstraraðila en skal að hámarki nema 1,5%.

Póknun við kaup: Póknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstraraðila og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Hlutfallstala sölþóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins og á heimasíðu rekstraraðila en skal að hámarki nema 2% af verðmæti sölu.

Kostnaður: Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörlugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Póknanir og upplýsingar um annan kostnað skulu koma skilmerkilega fram í útboðslýsingu.

6. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Rekstraraðili sjóðsins gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til. Óski fjárfestir eftir því, verða hlutdeildarskírteini gefin út af rekstraraðila til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til sameiginlegrar fjárfestingar. Eignarhlutdeild í sjóðnum verður einungis sold gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Eignarhlutdeild í sjóðinum skal sold eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.

Beiðni um áskriftir og innlausnir hluta, sem rekstraraðila berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir það (T+2) á því staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2).

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða uppfyllt. Að öðru leyti gilda ákvæði 87. gr. laga nr. 45/2020 um frestan innlausnar.

7. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeilda í honum.

8. gr.

Virði eignarhlutdeilda.

Virði (gengi) eignarhlutdeilda í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta að frádegnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörlukostnaði, innheimtukostnaði, þóknunum og áföllnum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna

og óinnleystra eignarhluta. Virði eignarhlutdeildar í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is. Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir lögum á hverjum tíma.

9. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 50.000.000 skal stjórn rekstraraðila sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir hlutdeildarskírteinishafa eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstraraðila. Tilkynna skal sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa um ákvörðunina í samræmi við lög.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeilda skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá þar sem samruna sjóðsins við annan eða aðra sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans og aðrar mikilvægar upplýsingar þannig að hlutdeildarskírteinishöfum sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðra slita eða samruna á fjárfestingu sína.

Í þeim tilvikum þar sem um fyrirhugaðan samruna við annan sjóð er að ræða skulu í fyrrgreindri tilkynningu koma fram upplýsingar varðandi það tímabil sem eigendur eignarhlutdeilda í sjóðnum geta krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum, skv. þeim skilmálum sem gilda um innlausn, séu þeir ekki samþykkir fyrirhuguðum samruna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðili koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölða eininga í eigu hvers þeirra. Rekstraraðilanum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (*e. 'distribution in kind'*), á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

uppgjörs sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn rekstrarféluginu til vörlu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Íslenskum verðbréfum hf. til vörlu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

10. gr.

Breytingar á reglum sjóðsins

Rekstraraðili setur sjóðnum reglur og er heimilt að gera breytingar á þeim, þ.m.t. fjárfestingarstefnu. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020. Breytingar á reglum sjóðsins skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Reglur þessar eru dagsettar 9. október 2023 og staðfestar af stjórn og framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. með rafrænum hætti.

Jón Helgi Pétursson,
framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf.

Hjörvar Maronsson

Katrín Káradóttir

Jón Bjarni Kristinsson

Úrdráttur úr lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

B. Fjárfestingarheimildir.

89. gr. Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir taka til sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta eða til einstakra deilda hans sé hann deildaskiptur. Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.
2. Hlutdeildarskíteinum verðbréfásjóða samkvæmt lögum um verðbréfásjóði, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða enda sýni rekstraraðili sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sérhæfðu sjóðir lúti sambærilegu eftirliti og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimarskis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskíteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta, einkum er varðar innlausnarrétt, vörlufyrtækni, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin séu út ársreikningur og árshlutauppgjör a.m.k. á sex mánaða fresti.
3. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan EES sýni hann með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulið verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða bindtíma.
4. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum markaði í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan eða hafa verið skráðar eða teknar til viðskipta á skipulegum markaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
5. Afleiðum utan skipulegra markaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísítölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta í slíkum afleiðviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
6. Öðrum sérhæfðum sjóðum en skv. 2. tölum.

90. gr. Aðrar eignir.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskíteinishafa fyrir augum.

91. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talid hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskíteinishafa.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að fjárfesta í hrávorum eða heimildarskíteinum fyrir þeim.

92. gr. Afleiðviðskipti.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í þessum kafla. Eftirlitskerfi rekstraraðila skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra markaða.

Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðviðskiptum sínum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

93. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að binda að hámarki:

1. 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum markaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.
2. 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.
3. 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra markaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt.
4. 35% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta.
5. 20% af eignum sjóðs í sama verðbréfasjóði, sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða öðrum sérhæfðum sjóði skv. 2. tölul. 89. gr.
6. 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr.
7. 10% af eignum sjóðs í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt ákvæði þessu.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 4. tölul. 1. mgr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Slíkar fjárfestingar skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta. Skyrt skulu koma fram í reglum sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfa- eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í.

94. gr. Takmarkanir á eignasafni.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

95. gr. Lán, ábyrgðir og skortsala.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir skv. 2. og 3. málsl. skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.

Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

96. gr. Ráðstafanir til úrbóta.

ÍV Skuldbréfasafn hs. - útboðslýsing

Fari fjárfesting sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta fram úr hámörkum samkvæmt þessum kafla skal rekstraraðili þegar í stað gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar þar um.

Ráðstafanir til úrbóta skulu gerðar í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu hlutdeildarskíteinishafa.